



## NIÐURSTÖÐUR SAMRÁÐS Í MÁLINU

### „Frumvarp til laga um fæðingar- og foreldraorlof“

Nr. S-195/2020 í samráðsgátt stjórnvalda á vefnum Ísland.is

#### NIÐURSTÖÐUR SAMRÁÐS Í MÁLINU: „FRUMVARP TIL LAGA UM FÆÐINGAR- OG FORELDRAORLOF“

---

1.	Þátttaka.....	2
2.	Sjónarmið umsagnaraðila og viðbrögð við þeim.....	2
	2.1 Yfirlit.....	2
	2.2 Efnisatriði 1 í umsögnum.....	3
	2.2 Efnisatriði 2 í umsögnum.....	4
3.	Næstu skref.....	4

# 1. ÞÁTTAKA

	Einstaklingar	Lögaðilar
Umsagnaraðilar	228 einstaklingar skiluðu inn umsögn í samráðgáttina.	Alþýðusamband Íslands, Bandalag háskólamanna, Barnaheill – Save the Children, BSRB, Byggðastofnun, Embætti landlæknis, Félag íslenskra fæðinga- og kvensjúkdómalækna, félag um Femínísk fjármál, Femínistafélag Háskóla Íslands, Félagsráðgjafafélag Íslands, Félag kvenna í atvinnulífinu, Geðverndarfélag Íslands, Gleyms mér ei styrktarfélag, Jafnréttisstofa, Kvenréttindafélag Íslands, Ljósmeðrafélag Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samband ungra sjálfstæðismanna, Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, Samtök atvinnulífsins, Viðskiptaráð Íslands, og Q – félag hinsegin stúdenta.
Samtals	228	22

Eftirtöldum aðilum var boðið að veita umsögn: Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Tryggingarstofnun ríkisins, Öryrkjabandalagi Íslands, Umboðsmaður barna, Félagsmálastjóri Bláskógabyggðar, Flóahrepps, Grímsnes- og Grafningshrepps, Hrunamannahrepps, Hveragerðisbæjar, Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Sveitarfélagsins Ölfuss.

Skjöl málsins, allar umsagnir og upplýsingar um umsagnarfrest og annað fyrirkomulag er að finna í samráðsgáttinni á [Island.is](https://samradsgatt.island.is), slóð á málið:

[https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=2784](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=2784)

## 2. SJÓNARMÍÐ UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ VIÐ ÞEIM

### 2.1 YFIRLIT

Í umsögnum 250 má greina eftirfarandi megináherslur:

Áhersluatriði og fjöldi umsagna	Einstaklingar	Lögpersónur
Umsagnir beindust að rétti foreldra til fæðingarorlofs eða fæðingarstyrks.	Í umsögnum frá 228 einstaklingum	Meðal annars: Kvenréttindafélag Íslands, BSRB, BHM, Embætti landlæknis, Félag um feminísk

		fjármál, Ljósmeðrafélag Íslands, Barnaheill, félag kvenna í atvinnulífinu, Samband íslenskra sveitarfélaga, Viðskiptaráð Íslands, Jafnréttistofa, SA og Samband ungra sjálfstæðismanna.
Umsagnir vörðuðu fyrirhugaða styttingu á því tímabili sem foreldrar geta nýtt réttindi sín fæðingarorloferfisins.	Í umsögnum frá 56 einstaklingum	Meðal annars: Embætti landlæknis, BSRB, Ljósmeðrafélag Íslands, ASÍ, Félag kvenna í atvinnulífinu og Samband íslenskra sveitarfélaga.

## 2.2 EFNISATRIÐI 1 Í UMSÖGNUM

Réttur foreldra til fæðingarorlof eða fæðingarstyrks.

Dæmi úr umsögnum:

1: „ Það er forræðishyggja að ætla að skikka 6 mánuði á hvort foreldri og hafa einingis einn mánuð í svigrúm til að deila á milli. Sumum hentar betur að annað hvort foreldrið taki lengra eða styttra orlof og finnst mér að eigi að treysta fjölskyldum til þess að ákveða það. “

2: „Stjórn FKA styður framkomið frumvarp og þann megingilgang þess að aðlaga fæðingarorlofskerfið að þeirri þróun sem hefur orðið í samfélaginu á síðastliðnum 20 árum, þ.á m. í jafnréttismálum og stöðu kynjanna á vinnumarkaði. Að mati stjórnar FKA felur frumvarpið í sér nauðsynlegar breytingar í því markmiði að styðja við jafnrétti kvenna og karla á vinnumarkaði.“

*Viðbrögð:*

Niðurstaðan eftir samráð var að frumvarpið yrði lagt óbreytt fram er varðar skiptingu réttar á milli foreldra til fæðingarorlofs eða fæðingarstyrk þannig að sjálfstæður réttur hvors foreldris um sig verði sex mánuðir en að hvort foreldri um sig geti framselt einn mánuð af sjálfstæðum rétti sínum til hins foreldrisins. Það var mat ráðuneytins að sú tilhögun á skiptingu fæðingarorlofsréttar milli foreldra sem lögð er til í frumvarpinu sé til þess fallin að koma til móts við þau ólíku sjónarmið sem fram koma í framangreindum umsögnum auk þess að vera í samræmi við markmið laga um fæðingar- og foreldraorlof um að tryggja barni samvistir við báða foreldra og að gera bæði konum og körlum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf.

## 2.2 EFNISATRIÐI 2 Í UMSÖGNUM

Fyrirhuguð stytting á því tímabili sem foreldrar geta nýtt réttindi sín innan fæðingarorlofskerfisins úr 24 mánuðum niður í 18.

Dæmi úr umsögnum:

1: „Varðandi annað atriði í frumvarpinu, þá þykir mér það vera skref afturábak að stytta framlengingu orlofsins úr 24 mánuðum í 18. En þegar barn er 18 mánaða er í lang flestum tilfellum (amk á höfuðborgarsvæðinu) ansi ólíklegt að barnið sé komið með pláss á leikskóla. Einnig getur verið erfitt að komast að hjá dagforeldri auk þess sem að kostnaðurinn við slíka þjónustu er hár.“

*Viðbrögð:*

- Lagt var til í kjölfar samráðsins að réttur til fæðingarorlofs eða fæðingarstyrks vegna fæðingar barns falli niður er barnið nær 24 mánaða aldri og haldist hann því óbreyttur frá gildandi lögum.

## 3. NÆSTU SKREF

---

Frumvarpið tók talsverðum breytingum eftir samráðið. Breytingarnar voru eftirfarandi:

- Lagt var til að réttur til fæðingarorlofs/fæðingarstyrks vegna fæðingar barns falli niður er barnið nær 24 mánaða aldri.
- Lagt var til að réttur til fæðingarorlofs/fæðingarstyrks vegna frumættleiðingar barns eða töku barns í varanlegt fóstur falli niður 24 mánuðum eftir að barnið kemur inn á heimili.
- Lagt var til að foreldri skuli öðlast rétt til fæðingarorlofs/fæðingarstyrks í allt að tólf mánuði ef hitt foreldrið á hvorki rétt til fæðingarorlofs eða fæðingarstyrks hér á landi né sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs eða fæðingarstyrks í öðru ríki.
- Lagt var til að ef fyrirséð er að forsjarlaust foreldri muni ekki annast barn sitt á fyrstu 24 mánuðunum eftir fæðingu þess sem og á fyrstu 24 mánuðunum eftir að barn kemur inn á heimili við frumættleiðingu eða töku í varanlegt fóstur, þar sem foreldrið hefur ekki umgengni við barnið á grundvelli niðurstöðu lögmæltis stjórnvalds eða dómstóla, verði Vinnumálastofnun heimilt að færa rétt forsjarlausa foreldrisins til fæðingarorlofs/fæðingarstyrks yfir til forsjáforeldrisins, enda sæki forsjáforeldrið um tilfærsluna til Vinnumálastofnunar.
- Lagt var til að barnshafandi foreldri verði veittur sérstakur styrkur vegna skerts aðgengis að fæðingarþjónustu í þeim tilvikum þegar það þarf að mati sérfræðilæknis að dvelja fjarri heimili sínu í tiltekinn tíma, fyrir áætlaðan fæðingardag, í tengslum við nauðsynlega þjónustu vegna fæðingar barnsins.
- Lagt var til að foreldri sé heimilt að skipta greiðslutímabili fæðingarstyrks á fleiri en eitt tímabil. Þó getur greiðslutímabilið skemmst varað hálfan mánuð í senn.

Í kjölfarið var lagt fram frumvarp til nýrra laga um fæðingar- og foreldraorlof á Alþingi þann 19. nóvember 2020.